

Birgir Valdimar Hauksson
Hella
660 Mývatn

Reykjavík, 4. október 2019
UST201909-213/H.H.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda - Grímsstaðir - hlaða

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Birgis Valdimars Haukssonar, dagsett 18. september 2019, um leyfi til að endurbyggja hlöðu innan verndarsvæði Mývatns og Laxár.

Mývatn og Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu eru vernduð með lögum nr. 97/2004. Markmið laganna er að varðveita líffræðilega fjölbreytni, jarðmyndanir og landslag svæðisins. Í 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu segir að leita skuli leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hverskonar framkvæmdum og hvers konar starfsemi á verndarsvæðinu sem getur haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag svæðisins.

Lýsing verkefnis:

Endurbyggja á fjárhúshlöðu sem er að hruni komin. Hlaðan mun minnka í flatarmáli og hækka um 70 cm á einhverjum stöðum. Húsið verður steipt eins og það gamla. 3 starfsmenn munu koma að framkvæmdinni sem mun fara fram haustið 2019.

Umsagnir:

Í samræmi við 17. gr. laga nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu óskaði Umhverfisstofnun umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands þann 26. september 2019 vegna framkvæmdarinnar. Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands barst þann 2. október 2019. Í umsögn kemur fram að Náttúrufræðistofnun gerir ekki fyrir sitt leiti athugasemd við að umrædd hlaða verði endurbyggð.

Í samræmi við 17. gr. laga nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu óskaði Umhverfisstofnun umsagnar Náttúrurannsóknarstöðvarinnar við Mývatn þann 26. september 2019 vegna framkvæmdarinnar. Umsögn barst ekki.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur þar sem um er að ræða endurbyggingu á eldra húsi er ekki talið að framkvæmdin muni hafa neikvæð áhrif á náttúrufer og verndargildi nema möguleg skammtímaáhrif á framkvæmdatíma.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Birgi Valdimar Haukssyni fyrir sitt leyti leyfi fyrir endurbyggingu á hlöðu innan verndarsvæði Mývatns og Laxár. sbr. lýsingu hér að ofan uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gæta skal þess að framkvæmdin sé í samræmi við skipulagsáætlanir.
- Að efnisval og útlit verði í samræmi við önnur mannvirki á svæðinu.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Óheimilt er að raska votlendi vegna framkvæmdarinnar.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlæggt.
- Framkvæmdir skulu fara fram utan varptíma fugla.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.


Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst


Hildur Hafbergsdóttir
sérfræðingur


Arna Hjörleifsdóttir
sérfræðingur